



Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	23. ágúst 2024 kl. 12:30-15:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	1
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoéga, formaður, Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður, Runólfur Pálsson, forstjóri, Höskuldur H. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Ingileif Jónsdóttir.
<u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> :	Signý Sveinsdóttir, Theodór Skúli Sigurðsson
<u>Aðrir</u> :	Þórunn Oddný Steinsdóttir, forstöðumaður.
Fjarverandi:	
Gestir:	Gunnar Ágúst Beinteinsson.
Fundarstjóri:	Björn Zoéga, formaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Inngangur formanns

Formaður setur fund og óskar eftir því að fulltrúar starfsmanna í nýrri stjórn kynni sig og sitt hlutverk innan spítalans. Formaður býður í framhaldinu fulltrúa starfsmanna velkomna. Árættar starfsreglur stjórnar og aðra praktíska þætti. Upplýsir um að þegar upp koma viðkvæm mál sem varða starfsmenn þá víkji fulltrúar starfsmanna af fundi.

2. Fundargerð

Fundargerðir maí og júnífundar samþykktar.

3. Skýrsla forstjóra og umfjöllun um nýjan spítala.

Farið yfir stöðuna í starfseminni. Byrjað á að fara yfir meðalfjölda sjúklinga sem beið innlagnar á hverjum tíma á bráðamóttöku í Fossvogi. Legurýmishyggja svipuð og áður, milli 100 og 111%. Það vekur athygli að í desember 2023 var náð hámarki í fjölda inniliggjandi einstaklinga með færni og heilsumat, sem er gríðarlega þung staða þegar spítalinn er ávallt á innlagnarstigi 3. Brugðist var við og spítalanum veittur forgangur í rými hjá hjúkrunarheimilum. En þó spítalinn væri með forgang þá voru ekki nema 10 sjúklingar útskrifaðir vegna þess að lítil hreyfing var annarsstaðar í kerfinu. Það gekk til dæmis erfiðlega að koma fólki utan að landi aftur til sinnar heimabyggðar. Þetta gerði stöðuna mjög erfiða í sumar. Landspítali lokar engum legurýmum í bráðþjónustunni yfir sumarmánuðina, en það sama gildir ekki á öðrum stofnunum. Þessi staða er einnig

áhyggjuefni fyrir komandi vetur, þar sem síðustu tveir vetur hafa verið gríðarlega erfiðir. Viðræður hafa staðið yfir við ráðherra um lausnir til að koma í veg fyrir að slík óviðunandi staða skapist.

Sjúklingum sem hafa samskipti við spítalann hefur fjölgað um 20% frá árinu 2019. Kynnt hve mikil fjölgun er af einstaklingum með erlent ríkisfang. Komum á bráðamóttökuna í Fossvogi hefur ekki fjölgað en innlögnum hefur hins vegar fjölgað nokkuð. Verk að vinna fyrir veturinn til að gera spítalanum kleift að takast á við þessar áskoranir

Næst er farið yfir vandamál tengt húsnæðismálum og mannafla. Spítalinn hefur verið að skoða leiðir varðandi bráðabjónustuna en ljóst er að það skortir húsnæði fyrir bráðamóttökuna í Fossvogi til koma fólki fyrir en þar spilar líka inn í mönnunarskortur. Þá skortir einnig húsnæði fyrir bráðalegudeildarþjónustu og göngu- og dagdeildarþjónustu, m.a. krabbameinsþjónustu, nýrnaskilun og myndstýrð inngríp. Þar koma til brúarverkefni sem hafa verið í undribúningi í samráði við heilbrigðisráðuneytið og nýja Landspítalann. Tafir hafa orðið á framtíðaruppbyggingu nýs Landspítala en það er nauðsynlegt að brúa þetta tímabil tafa. Samfélagsbreytingarnar hafa einnig verið mjög örar og gert stöðuna verri með þeim hætti að Landspítali ræður ekki við biðina. Fólksfjölgun hefur til að mynda aukist um 11% frá 2018, sem er mun meira en gert var ráð fyrir í skýrslu McKinsey. Landspítali hefur því lagt þunga áherslu á það við heilbrigðisráðuneytið að það verði að bregðast við þessu millibilsástandi. Spítalinn hefur lagt til að forsendur vinnu McKinsey verði endurskoðaðar vegna breytinga í mannaflapróun auk annarra atriða sem breyst hafa frá gerð skýrslunnar

Í skýrslu McKinsey var gert ráð fyrir að fjöldi verkefna yrðu flutt frá Landspítala, t.d. öldrunarþjónustan o.fl. Staðan í dag er hins vegar sú að lítið sem ekkert af verkefnum hafa verið flutt frá spítalanum. Brúarverkefnið skiptist í nokkra hluta. Brúarverkefni 1 snýr að bráðamóttökunni í Fossvogi. Verkefnið gerir ráð fyrir að reist verði nýtt bráðabirgðahúsnæði (einingahús) undir göngudeild bæklunarlækninga og vinnurými fyrir bæklunarskurðlækna, norðan við F-álmú í Fossvogi. Þegar búið væri að taka húsnæðið í notkun er gert ráð fyrir að ráðist verði í endurbætur á G3 til að stækka bráðamóttökuna og á E4 til að hýsa annað æðapræðingartæki. Brúarverkefni 2 snýr að dag- og göngudeildum. Verkefnið felur í sér að færa hluta af dag- og göngudeildarstarfsemi í nýtt húsnæði, ýmist við Fossvog eða Hringbraut, til að losa m.a. deildir A3 og B3 í Fossvogi sem yrðu þá endurbyggðar sem legudeildir. Þannig mætti bæta m.a. aðstöðu fyrir krabbameinsþjónustu og nýrnaskilunar á Hringbraut. Ljóst er að þróun í átt að frekari dag- og göngudeildarþjónustu getur ekki átt sér stað ef aðbúnaður, starfsfólk og umgjörð styður ekki við þá þjónustu sem þar er veitt. Þá heftir aðstöðuleysi þróun ferliþjónustu Landspítala. Óraunhæft að beðið verði með að skapa fullnægjandi aðstöðu þar til sérstök bygging hefur verið reist eftir 10-15 ár. Þá snýr brúarverkefni 3 að réttar- og öryggisdeild að Kleppi. Endurteknar ábendingar frá úttektaraðilum um þörf á endurbótum á húsnæðinu til að tryggja öryggi, aðgengi og vistlegra umhverfi. Verkefnið felur í sér að fjölga leguplássum í réttar- og öryggisgeðþjónustunni og sinna brýnu viðhaldi á B-álmú. Því þarf að færa réttargeðdeildina annað á meðan á framkvæmdum stendur, yfir 4-5 mánaða tímabil.

Stjórn upplýst um stöðuna í verkefni nýs Landspítala. Framkvæmdir við meðferðarkjarnann er á áætlun, eða því sem næst. Nú stendur yfir útboð vegna hönnunar á 5. og 6. hæð sem mun hýsa legudeildir. Stjórnin lýsir yfir áhyggjum af hönnunarhluta verkefnisins. Vinna við undirbúning útboðs vegna lokahönnunar og innanhúsfrágangs meðferðarkjarnans er hafin. Þá á vinnu við skipulag 2. áfanga að ljúka snemma í haust.

Stjórnin leggur áherslu á mikilvægi þess að gerður sé þryllupallur við nýja Landspítalann, samanber bókun stjórnar í samþykktri fundargerð stjórnarinnar frá því í maí sl.

Stjórn er áhugasöm um að funda með stjórn NLSH og formanni stýrihóps NLSH. Ekki hefur tekist að finna fundartíma en stjórn áréttar mikilvægi þess að slíkur fundur verði haldinn. Stjórn NLSH hefur ekki getað orðið við beiðni stjórnar Landspítala um fundargerðir stjórnarinnar.

Næst er farið yfir málefni er snúa að tækjum og stafrænni þróun. Farið yfir 5 ára fjárfestingaáætlun í tækjabúnaði og rýrnun á fjárveitingum til tækjakaupa. Virkt samtal í gangi um þessi mál og mikilvægi þess að fá auknar fjárveitingar til þess málaflokks. Stjórn telur óásættanlegt að framlög til tækjabúnaðar fari þverrandi. Sama að segja um stafvæðingu. Rætt mikilvægi þess að spítalinn komi ríkt að því að þróa þær tækjalausnir sem nýta á í nýja spítalanum.

Spurt um stöðuna á máli sem áður hefur verið til umræðu á fundi stjórnar og snýr að gjafafé til spítalans. Á fundi stjórnarinnar fyrr á árinu var ákveðið að yfirfara framkvæmdina og verklag við úthlutun fés úr þeim 30 sjóðum sem heyra undir spítalann. Stjórnin áréttar mikilvægi þess að þoka þessu verkefni áfram.

Fjallað um vísindastarfsemi spítalans. Yfirstandandi vinna við endurskoðun skipulags og forystu vísindastarfseminnar. Gefa þarf út endurskoðaða vísindastefnu spítalans til næstu 5 ára. Höfuðáherslan skal lögð á vísindafólk og rækja það fólk sem hefur burði og áhuga. Þá þarf að skipa nýjan formann vísindaráðs og endurskoða skipan og hlutverk ráðsins. Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala var endurnýjaður í júní sl. og vinna við fylgisamninga er þegar hafin. Upplýst að Landspítali sé loks kominn með leyfi heilbrigðisráðherra til að stofna og starfrækja safn heilbrigðisupplýsinga til að varðveita heilbrigðisupplýsingar sem aflað er til vísindarannsókna eða verða til við framkvæmd þeirra, samkvæmt lögum um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga nr. 110/200.

Forstjóri upplýsir um stofnun Akureyrarklíníkurinnar og samstarf hennar við Landspítala sem tekur virkan þátt í verkefninu.

Gunnar Einarsson kemur inn á fund.

Umræður um stafvæðingu og app Landspítala.

Fulltrúar starfsmanna óska eftir upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar með tilliti til einangrunarrýma. Mikil aukning t.d. á mósasmitum og því aukin þörf á einangrunarrýmum.

3.1. Fjármál

Gunnar Ágúst Beinteinsson kemur inn á fund

Farið yfir þjónustutengda fjármögnun en staðan er núna þannig að spítalinn er 3,7% yfir áætlun, en þar er ekki tekið tillit til ófrágenginna lega né koma. Ef tekið er tillit til þess sem er ófrágengið þá er spítalinn í kringum 5% yfir áætlun. Landspítali hefur unnið markvisst í því að bæta skráninguna, m.a. með að skoða ákveðnar tegundir aðgerða með það fyrir augum að tryggja rétta skráningu. Spá fyrir allt árið bendir til þess að umframframleiðsla verði um 3,1% sem er um 1,6 milljarður. Farið yfir samanburð við árið í fyrra.

Starfsemisupplýsingar kynntar. Legum fækkar, að hluta til vegna þess að mikið er af sjúklingum sem tilbúnir eru til útskriftar. Einnig liggja veikari sjúklingar inni og liggja lengur.

Bráðabirgðauppgjör janúar til júlí 2024 kynnt. Uppgjörið sýnir halla upp á samtals 1,1 milljarð. Ákveðin atriði sem hafa áhrif á þetta en það á eftir að gera ráð fyrir uppgjöri vegna kjarasamningsbreytinga. Þá hefur leyfisskuldbinding ekki verið í samræmi við áætlun og að auki voru til staðar viðbótarlaunagreiðslur sem valda halla.

Rætt um uppgjör vegna kjarasamninga og áhersla lögð á að hafa frumkvæði að því að koma að útreikningi uppgjörs vegna kjarasamnings.

Afköst vegna biðlistaátaks eru mjög góð og langt komið.

4. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um rekstur og áætlanagerð

Heilt yfir góð viðbrögð og skýrslan sýnir að vel er staðið að mörgum málum og að mikil vinna er í gangi innan spítalans til að tryggja bættan rekstur og áætlanagerð. Góð umfjöllun um mikilvægi þjónustutengdrar fjármögnunar. Einnig mjög mikilvæg ábending til heilbrigðisráðuneytisins um þróun á fjárfestingaframlögum.

Ábending til Landspítala um aukna áherslu á greiningu gagna sem er í samræmi við samtal spítalans við Ríkisendurskoðun þegar unnið var að skýrslunni en yfirstjórn spítalans leggur nú aukna áherslu á gagnadrifna nálgun í ákvarðanatöku og bættu gagnagreiningu innan stofnunarinnar.

Bókun: Stjórn lýsir ánægju sinni yfir niðurstöðum Ríkisendurskoðunnar sem þau telja staðfestingu á því að margt sé vel gert í rekstri og áætlanagerð spítalans. Niðurstaðan er staðfesting á mikilvægi þjónustutengdrar fjármögnunar.

5. Vinnulag stjórnar og fundartímar

Næstu fundartímar stjórnar ákveðnir en gert er ráð fyrir tveimur fundum fram til áramóta og vinnu undirnefnda milli funda. Ákveðið að stofnaðar verði tvær undirnefndir stjórnar, annars vegar nefnd um framtíðarþróun spítalans með áherslu á hlutverk spítalans, þ.e. klínískt hlutverk, vísindastarf og menntunarhlutverk og hins vegar nefnd um fjármál og rekstur sem hafi til umfjöllunar rekstrartengd málefni, s.s. tækjakaup, nýjan Landspítala við Hringbraut, stafvæðingu og tækniþróun, þjónustutengda fjármögnun og húsnæðismál. Ingileif Jónsdóttir leiði undirnefnd um framtíðarþróun spítalans en Höskuldur H. Ólafsson leiði undirnefnd um fjármál og rekstur.

Fulltrúar starfsmanna víkja af fundi

Forstjóri upplýsir um starfsmannatengd málefni.

6. Önnur mál

Ákveðið að boða forstjóra Sjúkratrygginga Íslands á næsta fund stjórnar. Halda áfram samtali við formann stjórnar NLSH og stýrihóps NLSH um samtal stjórnar við þá sem og um afhendingu fundargerða stjórnar NLSH.

Bókun: Stjórn áréttar fyrri bókanir sínar um mikilvægi þess að unnið verði að miðlægum biðlista á landsvísu.

Fundi slitið kl. 15:24